



Stykkishólmur

Umhverfisskýrsla

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024

Og nýju deiliskipulagi fyrir Saura 9

Íbúðabyggð, frístundabyggð og verslun og þjónustu á Vigraholti



dags. 05.02.2024

Vinnslutillaga

útg. 00 dags 04.06.2024

ARKÍS

0.1	Samþykktir	3
0.2	Breytingar.....	3
Umhverfisáhrif		4
Umhverfispættir.....		4
Umhverfisviðmið.....		4
Greining umhverfisáhrifa		5
Mat á áhrifum breytingar á umhverfi og samfélag		5
Landslag og sjónræn áhrif		5
Samfélagsleg og hagræn áhrif.....		6
Gróður og lífríki		6
Minjar		8
Útivist og upplifun – aðgengi almennings að sjó, ám og vötnum		9
Heilsa og öryggi Náttúrvá /fráveita.....		10
Samantekt og niðurstaða		11
Viðauki við umhverfisskýrslu:		11
Greining umhverfispáttá – tafla		
Vigraholt – Vistgerðarkort og byggingarreitir		
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags – Saurar 9 (Ásta Hermannsdóttir, Byggðasafn Skagfirðinga 2023/271).....		

SAMÞYKKTIR OG BREYTINGAR

0.1 Samþykktir

Aðalskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 31. gr, skipulagslaga nr. 123/2010 og Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt

í _____ þann _____
20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

0.2 Breytingar

Breyting 01 - Útgáfa 0.1.

Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Landeigandi skal leitast sérstaklega við að lámarka truflun og /eða neikvæð áhrif sem starfsemi hótels, heilsulindar og íbúðar og frístundabyggð kann að hafa á fugla, fiska og annað lífríki í á og við Vigrafjörð sem tilheyrir verndarsvæði Breiðafjarðar. Lögbundnir umsagnaraðilar skulu leggja mat á þennan þátt við meðferð starfsleyfisumsóknar.

Umhverfispættir

Umhverfispættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum vegna uppbyggingar hótels. Umhverfispættirnir eru valdir út frá þeim aðstæðum sem eru á svæðinu. Þeir þættir sem helst eru taldir geta orðið fyrir áhrifum, jákvæðum eða neikvæðum, vegna framkvæmdar við hótél og tengdra framkvæmda eru:

- Landslag og sjónræn áhrif
- Samfélagsleg og hagræn áhrif
- Gróður og lífríki
- Minjar
- Heilsa og öryggi Náttúrvá / fráveita
- Útivist og upplifun

Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem fyrirhuguð uppbygging hótels og tengdra hefur í för með sér. Í áhrifamati verða eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Skipulagslög nr. 123/2010 og Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Lög um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999

Greining umhverfisáhrifa

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
- o Uppbygging hótels styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.
- o Uppbygging hótels hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.
- o Uppbygging hótels vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.
- (?) Óþekkt áhrif á umhverfispátt. o Uppbygging hótels hefur óþekkt áhrif á viðkomandi umhverfispátt.

Mat á áhrifum breytingar á umhverfi og samfélag

Landslag og sjónræn áhrif

Fyrirhugað hótél er allt að 3 hæðir og að hámarki 16 m að hæð. Þegar ekið er eftir til Stykkishólmsvegi til suðurs eða norðurs kemur fyrirhugað hótél til með að vera sýnilegt en þó verður hótélið nokkuð falið þar sem það er að hluta til byggt inn í brekkuna til norðausturs, auk þess sem gert er ráð fyrir að trjám og staðagróðri verði plantað vestan byggingarreits til að tengja saman gróður og bygginguna og milda sjónræn áhrif byggingarinnar í landslaginu og frá Stykkishólmsvegi. Til að milda sýnileg áhrif eru skilmálar settir að þak- og veggfletir bygginga skulu vera í náttúrulegum tónum (jarðlitum). Þá eru skilmálar í deiliskipulagi þannig að samræmi skal vera í útliti bygginga.

Engin mannvirki eru á svæðinu þar sem gert er ráð fyrir hóteli en fyrirhuguð staðsetning hótels er á svæði sem skilgreint er sem efnisnáma í aðalskipulagi. Áhrif á landslag verða þar sem byggja þarf hótélið inn í brekkuna að hluta til en áhrifin eru ekki talin veruleg þar sem um er að ræða raskað námusvæði í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að efnisnámusvæðinu verði lokað og að mannvirki falli sem best að landslagi. Þá skal eins og mögulegt er reynt að láta allar framkvæmdir falla vel að umhverfinu og þannig reynt að hafa sem minnst áhrif á náttúru svæðisins. Áhrifin eru ekki talin veruleg þar sem lögð er sérstök áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi.

Áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg. Einnig er gert ráð fyrir íbúðabyggð og frístundabyggð á deiliskipulagssvæðinu. Lóðir fyrir íbúðabyggð og frístundabyggð eru stórar og lögð er áhersla á að mynda ekki þetta byggð húsa. Lögð verður áhersla á að húsunum verði komið fyrir þannig að þau falli vel að landinu.

Gert er ráð fyrir að lágmarks gólfkóti bygginga á svæðinu verði í kóta 5.

Samfélagsleg og hagræn áhrif

Með uppbyggingu hótels, heilsulindar og handverkshúss auk íbúðabyggðar og frístundabyggðar mun atvinnulíf á svæðinu eflast þar sem mörg störf verða til á hótelinu eftir opnun þess. Auk þess er stefnt að því að komið verði á fót kynningarseturs fyrir Eyrbyggjasögu á svæðinu. Vegna þessara starfa má gera ráð fyrir að áhrif á íbúaþróun í sveitarfélaginu verði jákvæð þar sem gera má ráð fyrir að starfsfólk hótelsins muni í einhverjum tilfellum sækjast eftir því að setjast að í sveitarfélaginu. Gera má ráð fyrir því að einhver afleidd störf í þjónustu muni skapast í sveitarfélaginu auk þess sem frekari grundvöllur er fyrir aukinni þjónustu í sveitarfélaginu.

Gert er ráð fyrir að lagðir verði stígar á deiliskipulagssvæðinu sem munu auka gildi svæðisins sem útivistarsvæði fyrir gesti í samræmi við almannarétt um aðgengi að náttúru svæðisins.

Þá munu áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf þar sem gera má ráð fyrir að fjöldi starfa skapist á svæðinu á framkvæmdatíma.

Áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels á samfélagsleg og hagræn áhrif eru talin jákvæð.

Gróður og lífríki

Ekki er talið að hótélbyggingin, heilsulind og handverksbrugghús og gistihýsi muni hafa umtalsverð áhrif á gróður og lífríki þar sem um er að ræða þegar raskað svæði að mestu sem skilgreint er sem efnistökusvæði í gildandi aðalskipulagi Helgafellssveitar.

Samkvæmt kortagrunni Skógræktarinnar, Náttúrulegt birki á Íslandi er skilgreindur birkiskógur á hluta svæðisins (Land og Skógur, 2015). Hæð skógarins er 1,3-2 metrar (full vaxið birki er 2-5 metrar á hæð) og heildarkrónuþekja birkisins er um 60%. Birkiskógurinn á svæðinu fellur undir náttúruskóg, sem er skilgreindur sem land sem er að lágmarki 0,5 ha að flatarmáli. Í slíkum skógum eru sjálfsánar trjátegundir ríkjandi s.s. ilmbjörk, reynivíður, blæösp, gulvíðir og loðvíðir og ná fullvaxnar a.m.k. 2 m hæð og a.m.k. 10% krónuþekju, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Birkiskógar falla undir sérstaka vernd þar sem þeir eru sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir og leifar þeirra, þar sem eru m.a. gömul tré sbr. b. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Birkiskógurinn innan skipulagssvæðisins fellur ekki undir sérstaka vernd sbr. ofangreind lög. Samkvæmt kortagrunni Skógræktarinnar er skógurinn talin vera 60-100 ára og er þar með hvorki talinn vera „gamall“ samkvæmt lögunum eða vistfræðilega mikilvægur í heildarsamhenginu og því ekki talin vera þörf á sérstakri umsögn Umhverfisstofnunar við úthlutun framkvæmda- og/eða byggingaleyfa. Lóðir fyrir íbúðarhús og frístundahús eru staðsettar á öröskuðu landi sem er að hluta til kjarri vaxið. Lóðir eru stórar og settir eru skilmálar um að byggingum sé komið fyrir á lóð með þeim hætti að rask á birkiskógi sé sem minnst, lengd innkeyrslu að húsi frá aðkomuvegi verði sem styðst og stærðir á bílastæðum takmarkaðar.


Í deiliskipulagstillögu, sem er verið að vinna samhliða þessari breytingu, er lögð áhersla á að á framkvæmdatíma skuli haga framkvæmdum þannig að birkikjarr raskist sem minnst og að mótvægisáðgerðum verði beitt með því að gróðursetja sambærilega miklum skógi og raskað er, með því að gróðursetja birki annarsstaðar á fyrirhugðuð deiliskipulagssvæði. Mótvægisáðgerðir geta falist í útplöntun eða sáningu þannig að upp komist skógur sbr. 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Mótvægisáðgerðir þurfa eingöngu að vega upp á móti því sem tapast af skógi við framkvæmdir. Mótvægisáðgerðir skulu hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu skógarins sbr. 3. mgr. 19 gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Gera má ráð fyrir að nokkuð fuglalíf sé á deiliskipulagssvæðinu sem verður fyrir áhrifum vegna uppbyggingar á svæðinu. Lóðir fyrir frístundahús og heilsárshús eru stórar og eru frá um 7.500 m² og upp í 55.000 m². Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja 350-400 m² að hámarki innan hverrar lóðar á frístundalóðum en 500 m² á lóðum íbúðasvæðis. Nýtingarhlutfall lóða fer hvergi yfir 0,05. Settir eru almennir skilmálar um að allt rask sem hlýst af framkvæmdum skuli lagfært þannig að vel fari í landslagi og gróðurfari svæðisins og að sérstaklega skuli vanda umgengni og frágang þar sem um náttúrulega birkiskóg (kjarr) er að ræða.

Sérstök áhersla verður lögð á að raski á skógi verði haldið í lágmarki. Birkiskógurinn er um 42 ha að stærð og nær inn á u.þ.b 32 lóðir. Þar sem því er við komið munu merk tré sem þurfa að víkja af svæðinu verða tekin upp og þeim plantað á öðrum stað í eða við skóginn. Þær mótvægisáðgerðir verða að skógi verður plantað í land Vigrholts í jafn stórt svæði og þarf að ryðja vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Eingöngu lítill hluti svæðisins er merktur sem mikilvægt fuglasvæði á kortagrunni Náttúrufræðistofnunar/Bird life int. Deiliskipulagssvæðið liggur hinsvegar að mikilvægu fuglalífi Breiðafjarðar. Tekið verður mið af fuglalífi svæðisins við uppbyggingu á svæðinu. Forðast verður að fara í jarðvinnu og þungar framkvæmdir á meðan varptíma stendur til að draga úr áhrifum á fuglalíf. Ekki talið að áhrif uppbyggingar séu veruleg á fuglalíf.

Ráðandi vistgerðir á deiliskipulagssvæðinu samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnun Íslands. eru starungsmýravist, tjarnastararflóavist og brokflóavist sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru þær tvær fyrrnefndu á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Meðal þurrlendisvistgerða eru bæði lyngmóavist á láglandi og kjarrskógavist með hátt verndargildi auk þess að vera á lista Bernarsamningsins. Verndargildi ríkjandi tegunda er metið miðlungs eða hátt en þrátt fyrir það eru áhrifin ekki talin veruleg á gróður þar sem svæðið sem verður raskað er fremur lítið og ekki er verið að spilla sérstæðum gróðurfélögum, sjaldgæfum tegundum eða tegundum á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Gengið hefur verið um svæðið og það skoðað sérstaklega. Samkvæmt þeirri úttekt hefur verið gerð breyting á staðsetningu vega og byggingarreita með það að markmiði að hlífa votlendi og viðkvæmum vistgerðum. Við staðsetningu vega og bygginga verður lögð áhersla á að varðveita mýrlendi, viðkvæmar vistgerðir og birkiskóg.



Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands

Útivist og upplifun – aðgengi almennings að sjó, ám og vötnum

Gert er ráð fyrir að Vigraholt verði nýtt sem útivistarsvæði fyrir almenning og eru stígar um landið auk þess sem bílastæði verða öllum eru opin. Í breytingu á deiliskipulagi er m.a. gert ráð fyrir göngustíg frá hóteli í norðri meðfram strönd Vigrafjarðar um fyrirhugaða frístundabyggð að Sauravatni. Fimmtíu metra helgunarlína strandlínu hefur verið sett í á deiliskipulagsupphæfing til að vernda lífríki og almannarétt s.b. lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Mögulegt verður að koma fyrir almennu bílastæði og áningarstað við upphaf gönguleiðarinnar. Vegna þessa bættu aðgengis almennings að og um svæðið eru áhrif uppbyggingar hótels á útivist talin vera jákvæð. Áhrif á upplifun er einnig talin jákvæð þar sem með tilkomu hótels sem staðsett er við Breiðafjörð og samspils þess við náttúruna á svæðinu verður til mjög áhugaverður ferðamannastaður sem mun hafa mikið aðdráttarafl fyrir innlenda og erlenda ferðamenn sem og íbúa á Snæfellsnesi.

Heilsa og öryggi Náttúrvá /fráveita

Vegna hækkunar á sjávarstöðu er sett fram krafa um lágmarks hæð á gólfum húsa í hæðakerfi svæðisins í kóta 5. Gert er ráð fyrir tveimur aðkomuleiðum/flóttaleiðum frá deiliskipulagssvæðinu. Ekki eru þekkt önnur hætta vegna náttúruvár.

Um er að ræða 60 herbergja hótél auk 25 gistihýsa á verslun og þjónustulóðum. Áætlaður fjöldi gesta er um 170 gestir. Auk þess er gert ráð fyrir 4-20 starfsmönnum, en starfmannafjöldi verði breytilegur eftir árstíma, vikudögum og tíma sólarhrings. Frá fyrirhuguðu hóteli og tengdri starfsemi er gert ráð fyrir allt að 340 persónueiningum á sólarhring. Um helmingur af því eða 170 persónueiningar eru frá hótelinu og gistihýsum og annað eins frá gestum heilsulindar, veitingastaðar og starfsmannaaðstöðu. Í frístundabyggð má gera ráð fyrir 66 persónueiningum á 92 ha svæði. Varðandi íbúðasvæði má gera ráð fyrir 50 persónueiningum á rúmlega 16 ha svæði.

Mengandi áhrif vegna fráveitu verða ekki þar sem fráveitukerfið verður í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ með áorðnum breytingum nr. 450/2009. Fráveituvatn frá eldhúsi veitingastaðar verður forhreinsað í fitugildru. Samráð skal haft við Heillbrigðiseftirlit vesturlands vegna útfærslu fráveitu en frágangur fráveitu skal vera vandaður í alla staði þannig að engin mengun starfi af. Gert er ráð fyrir góðum göngutengingum um svæðið sem tryggja öryggi gangandi vegfarenda um svæðið.

Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða umhverfisskýrslu er að þessi tillaga að breytingu aðalskipulagi og tillaga að nýju deiliskipulagi, á vinnslustigi, er ekki talin hafa veruleg umhverfisáhrif en áhrif á flesta umhverfispætti eru talin óveruleg. Möguleg neikvæð áhrif eru talin vera á gróður vegna rasks á skógi. Möguleg jákvæð áhrif eru á samfélagsleg og hagræn áhrif auk mögulegra jákvæða áhrifa á útivist og upplifun. Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

Umhverfispættir	Hótel og gistihýsi		Frístunda og íbúðabyggð		
Landslag og sjónræn áhrif	0		0		
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+		+		
Gróður og lífríki	0		0	-	
Minjar	0		0		
Frárennismál	0		0		
Útivist og upplifun	+		+		
Niðurstaða	0	+	0	+	-

Skýringar

(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt

(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt

(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt

(?) Óþekkt áhrif á umhverfispátt

Það er mat framkvæmdaraðila að fyrirhuguð framkvæmd við uppbyggingu hótels og tengdra framkvæmda valdi óverulegum neikvæðum umhverfisáhrifum og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Viðauki við umhverfisskýrslu:

Greining umhverfispáttanna – tafla

Vígraholt – Vistgerðarkort og byggingarreitir

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags – Saurar 9 (Ásta Hermannsdóttir, Byggðasafn Skagfirðinga 2023/271)

Umhverfisskýrsla

Hversu jákvæð-neikvæð áhrif hefur skipulagsáætlunin á eftirfarandi umhverfispátti (5-pt Likert skali) ?							
Sjá lög 111/2021 Athuga einnig upptalningu á lögum og reglugerðum í umhverfisskýrslu Arkís vegna vigrahólts: skipulagslög og reglugerð, byggingarreglugerð, lög um umhverfismat, náttúruverndhollustuhætti og mengunarvarnir, losun frá atvinnurekstri og menghollustuhætti og mengunarvarnir, unarvarnareftirlit, menningarminjar, og fráveitu og skólp							
Greina, lýsa og meta eftirfarandi þætti	Meta						Greina og lýsa
	Á ekki við (á.e.v)	1= jákvæð	2= frekar jákvæð	3= hvorki/né	4= frekar neikvæð	5= neikvæð	
a) Íbúa og heilbrigði manna?							
Félagsleg gæði?		1					Fjölgun starfa mun haf jákvæð áhrif á íbúaþróun sveitarfélagsins.
Samfélagsleg gæði?		1					Afleidd störf í þjónustu muni skapast í sveitarfélaginu
Heilbrigði?				3			Fráveita verður í samræmi við reglugerðir.
Hagræn áhrif?		1					Atvinnulíf í sveitarfélaginu mun eflast
Útivist og upplifun?		1					Gert er ráð fyrir að svæðið verði nýtt sem útivistarsvæði fyrir almenning og bílastæði verði opin öllum.
b) Líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar? Ath skv. 4. mgr. 12. gr. skipulagslaga skal í m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér. [M.a. skal gera grein fyrir þeim svæðum innan skipulagssvæðisins sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða öðrum lögum, þar á meðal náttúruminum í A-, B- og C-hluta náttúruminjaskrár og náttúrufyrirbærum sem njóta verndar skv. [61. gr.] ¹⁾ laga um náttúruvernd.] ²⁾							
Líffræðileg fjölbreytni? (gróður og lífríki)					4		Lögð verður áhersla á að framkvæmdir á að takmarka framkvæmdir á votlendissvæðum. Birkiskógur verði verndaður eins og kostur er og trjám planað í stað þeirra sem þurfa að víkja.
Tegundir og búsvæði sem njóta verndar?				3			Eingöngu verði plantað staðartegundum og jarðvegs framkvæmdir á varptíma verði takmarkaðar.

c)	Land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag?						
	Land?				4		Hótelbyggingin verður staðsett á röskuðu svæði sem er skilgreint sem efnistökusvæði í gildandi aðalskipulagi. Lögð verður áhersla á að rask á gróðri verði haldið í lagmarki og birki verði gróðursett sem mótvægisáðgerð við þeirri gróðurröskun sem verður á landinu.
	Landslag? (þ.m.t. landslagsupplifun og sjónræn áhrif (micro-macro kvarði -, aðsýn og frásýn)				4		Dregið verði úr sjónrænum áhrifum bygginga með staðsetningu bygginga í landinu, gróðri og efnis og litanotkun
	Víðerni?			3			Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á víðerni.
	Jarðmyndanir?	-		3			Fyrirhuguð framkvæmd mun ekki hafa áhrif á jarðmyndanir
	Jarðveg?			3			Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á jarðveg.
	Vatn? (þ.m.t. frárennsli, ákvæði um vatnsvernd skv. Vatnaáætlun)			3			Byggingum verður komið fyrir í a.m.k. 50 m fjarlægð frá strandlínu/vatnsbakka. Vandað verður til fráveitu
	Loft?			3			Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á loft
	Loftslag?			3			Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á loftslag
d)	Efnisleg verðmæti og menningarminjar?						
	Efnisleg verðmæti?		1				Atvinnuuppbygging mun hafa jákvæð áhrif á efnisleg verðmæti í sveitarfélaginu.
	Menningarminjar?			3			Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á menningarminjar. 100 m helgunarsvæði er merkt inn á deiliskipulagsuppdrátt
e)	Næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum?						
	Stórslys?	-		3			Ekki er talin hættu á stórslysum á svæðinu
	Náttúruhamfarir?	-		3			Ekki er talin hættu á náttúruhamförum á svæðinu

Niðurstaða umhverfismats áætlunarinnar

Samantekt (jákvæð áhrif (+), óveruleg áhrif (0), neikvæð áhrif (-), óþekkt áhrif (?))

Það er mat framkvæmdaraðila að fyrirhuguð uppbygging hótels, frístundabyggðar og íbúðabyggðar valdi óverulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.



SAURAR 9

SVEITARFÉLAGINU STYKKISHÓLMÍ

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/271

Höfundur: Ásta Hermannsdóttir. 2023/271

Mynd á forsíðu: Gamli þjóðvegurinn til Stykkishólms [3061-7]. Horft til suðurs.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ.....	8
HEIMILDASKRÁ	17

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna deiliskipulags í landi Saura 9 í Sveitarfélaginu Stykkishólmi að beiðni landeiganda, Ásgeirs Ásgeirssonar.

Fornleifar hafa aldrei verið skráðar á svæðinu, að undanskildum friðlýstum minjum Gruflunausts við Grufluvík. Vettvangsvinna fór fram dagana 24. og 25. júlí 2023. Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur sá um undirbúning, vettvangsvinnu og skýrslugerð.

Landeigendur og heimildamenn fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3061



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers (Saurar 3061-1). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. hífýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu vegna rasks í tengslum við framkvæmdir í deiliskipulagi, en einnig aðra þekkta hættu ef svo ber undir, s.s. vegna náttúrulegra þátta.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Samantekt

Deiliskipulagið nær yfir landareign Saura 9 sem er hluti þess lands sem áður tilheyrði lögbýlinu Saurum. Um er að ræða nyrsta hluta Sauralandsins vestur að og rétt vestur fyrir gamla þjóðveginn og austur að nafnlausri vík sem gengur suður úr Vigrafirði austan við Innri-Sjóarás. Suðurmörk miðast nokkurn veginn við Norður-Setberg, Sauravatn, lóð Norðuráss, heimreið að Saurum og gamla þjóðveginn. Svæðið sem skráð var er um 130 ha að stærð og er að nær öllu leyti óræktað land. Landslagið einkennist af birkigróunum, löngum ásum sem liggja NA-SV og á milli þeirra eru mýrarflákar. Austan við miðju svæðisins er Litlavatn og rennur úr því lækur til sjávar, við Litlavatn og lækinn er víða þéttur skógur, sér í lagi að vestanverðu. Vestast á svæðinu breytist landslagið nokkuð og er þar meira um melholt og móa, þar gefa mýrarnar og trjágróðurinn eftir.

Vegna mikils trjágróðurs á hlutum svæðisins var ekki hægt að ganga það allt og leita af sér allan grun um minjar. Þau svæði sem hægt var að fara um gefa þó vísbendingar um að svæðið sé ekki minjaríkt og því litlar líkur taldar á að minjar séu í hættu vegna framkvæmda. Þó skal fara að öllu með gát ef framkvæmt er á svæðum sem eru mjög gróin trjágróðri.

Þrettán minjar voru skráðar á vettvangi innan svæðisins, sjá töflu 1. Flestar eru minjarnar í nágrenni bæjarstæðis Saura. Auk þeirra minja sem skráðar voru á vettvangi var heimild um vörðu á Vörðuási sem fannst ekki [3061-14]. Á mynd 2 má sjá yfirlitskort yfir allar skráðar minjar á deiliskipulagssvæðinu. Loftmyndir eru frá verkkaupa.

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á vettvangi.

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat
3061-1		Mógröf	Niðurgroftur	Greinanleg	Hætta
3061-2	Gruflunaust	Naust	Tóft	Vel greinanleg	Engin hættu
3061-3		Kennimark	Varða	Greinanleg	Mikil hættu
3061-4		Kennimark	Varða	Greinanleg	Hætta
3061-5		Kennimark	Varða	Greinanleg	Hætta
3061-6		Óþekkt	Tóft	Greinanleg	Hætta
3061-7		Leið	Gata	Vel greinanleg	Hætta
3061-8		Kennimark	Varða	Vel greinanleg	Mikil hættu
3061-9		Leið	Heimild, gata	Illgreinanleg	Hætta

3061-10		Óþekkt	Garðlag	Greinanleg	Engin hætta
3061-11		Óþekkt	Garðlag	Greinanleg	Engin hætta
3061-12		Óþekkt	Garðlag	Greinanleg	Engin hætta
3061-13		Óþekkt	Heimild	Horfin	Engin hætta
3061-14		Kennimark	Heimild	Horfin	Engin hætta

Leiðir

Samkvæmt heimildum virðast ferðaleiðir hafa legið um svæðið fyrr á öldum. Í *Eyrbyggja sögu* leggja menn skip upp í Gruflunaust og ganga frá því vestur yfir til Bakka en einnig Helgafells (um Þingskálanes, sem er forna heitið á þessu svæði við Vigráfjörðinn sunnanverðan) (*Eyrbyggja saga* 1946:125-126). Árni Thorlacius nefnir ferðir manna frá Kárstöðum á Skógarströnd, eftir ís á Álftafirði og til Helgafells þar sem farið hafi verið yfir Sauranes og ofan Sauravog (Árni Thorlacius 1886:294) og verður það ekki skilið á annan veg en að þar sé verið að lýsa umferð um einhvern hluta svæðisins sem deiliskipulagið nær yfir.



Mynd 1. Dæmi um kindagötu/götu á svæðinu, horft til vesturs.

Það er þó svo að í dag liggja mjóar leiðir, götur/kindagötur, víða um svæðið, bæði með sjónum og uppi á ásunum. Margar þeirra virðast vera nýttar í enn þann dag í dag, t.a.m. af göngufólki. Ómögulegt er að segja til um hvort og þá hverjar af þessum leiðum eiga mögulega uppruna sinn í fortíðinni. Því var ákveðið að gera þessari sögu ferða um svæðið frekar skil í þessum stutta kafla en að skrá leiðir sem mögulega hafa lítið sem ekkert með fortíðina að gera.

Hættumat

Á svæðinu voru skráðar þrettán minjar, að auki er heimild um einar minjar til viðbótar sem fundust ekki á vettvangi. Af þessum þrettán eru tvær metnar í mikilli hættu, sex í hættu og fimm ekki í neinni hættu. Varða [3961-3] á Efsta-Vogarhaus er í mikilli hættu vegna framkvæmda í deiliskipulaginu og einnig varða [3061-8]. Í hættu eru mógröf [3061-1] vegna nálægðar við framkvæmdasvæði, vörður [3061-4] og [3061-5], tóft [3061-6], gamli þjóðvegurinn [3061-7]

og leið [3061-9]. Mögulegt ætti að vera að komast hjá raski allra þessara minja með því að gæta varúðar við framkvæmdir. Gruflunaust [3061-2] er ekki metið í hættu enda minjarnar friðlýstar og hafa um sig 100 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum tóftarinnar. Garðlög [3061-10] og [3061-12] eru utan framkvæmdasvæða sem og minjar [3061-13] og garðlag [3061-11]. Ef gerðar eru breytingar á framkvæmdasvæðum í deiliskipulaginu getur þurf að endurskoða hættumat þetta.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Fornleifaskrá



Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu. Appelsínugulir punktar eru skráðar fornleifar, gular línur eru skráðar leiðir og garðlög.

Saurar 3061-1

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Staðhættir

Skammt vestur af vikinni sem liggur inn á milli Innri-Sjóaráss og tangans suður af honum, uppi á bakkanum er mógröf. Stór mýrarfláki er vestur af mógröfinni.

Lýsing

Mógröfin er ekki sérlega greinileg á jörðu niðri en sést nokkuð vel á loftmynd. Gröfin er nokkuð blaut og meiri stór vaxa í henni en í umhverfinu annars. Mógröfin er lengst um 35 m og breiðust um 15 m, dýptin er mest um 60 cm. Læna liggur frá mógröfinni og niður í víkina og rennur vatn um hana niður úr gröfinni.



Mynd 3. Mógröf [3061-1], horft til norðurs.

Saurar 3061-2

Sérheiti: Gruflunaust

Hlutverk: Tóft

Tegund: Naust

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á háum bakka vestast í Grufluvík við Vigráfjörð er tóft.

Lýsing

Norðausturendi tóftarinnar er skammt frá brún sjávarpakkans, sem er mjög hár og brattur. Tóftin er þriggja hólfa, um 11x8,5 m að utanmáli. Veggjahæð er á bilinu 0,4-1 m og breidd veggja mest um 2 m. Grjót sést sums staðar í veggjum.


Tóftin snýr NA-SV. Tvö hólfa snúa NA-SV en það syðra af þeim hólfum er aðeins skakkt á það nyrðra og snýr nær ANA-VSV. Op er á þessum rýmum til NA. Aftan við nyrðra hólfið er lítið hólfið sem snýr NV-SA og er innangengt á milli þeirra. Hugsanlega hefur verið innangengt á milli stóru hólfa tveggja, innarlega, en það er ekki öruggt.

Mögulegt er að syðra hólfið sé eldra en hið nyrðra og það vestara. Það virkar ávalara, það virðist vera minna af grjóti í veggjum og þeir mjórri.

Það er alveg ljóst að yngstu notkunarstig tóftarinnar eru mun yngri en frá tíma *Eyrbyggja sögu* sem gerist á tímabilinu frá landnámi og fram á 11. öld. Ekki eru þó vísbendingar um síendurteknar endurbyggingar, en þó er hægt að draga ályktun um einhverjar endurbyggingar og/eða viðbætur út frá hrúni og breidd veggja.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru friðlýstar og var friðlýsingunni þinglýst árið 1929. Í *Skrá um friðlýstar fornleifar* segir: „Gruflunaust, svo kallað, við lítinn vog, er gengur vestan í Sauranes“ (Ágúst Ólafur Georgsson 1990:14-15).



Mynd 4. Uppmæling af Gruflunausti [3061-2].



Mynd 5. Gruflunaust [3061-2], friðlýstar fornleifar við Grufluvík. Horft til suðausturs.

Saurar 3061-3

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Mikil hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Staðhættir

Framarlega á Efsta-Vogarhaus, nánast á háhausnum, er varða.

Lýsing

Varðan er mest um 30 cm há og um 50x60 cm að grunnfleti. Varðan er farin að gliðna og er aðeins hrunin, grjót er til hliðanna sem gæti hafa hrunið úr henni og því hefur hún líklega verið nokkuð hærri. Hleðsla vörðunnar er ekki vönduð en grjótið er allt fléttugróið.



Mynd 6. Varða [3061-3], horft til suðurs.

Saurar 3061-4

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Staðhættir

Austan í smá holti á ás, austan við Vörðuholt, um 80 m austur af gamla þjóðveginum [3061-7] er varða.

Lýsing

Varðan er mest um 50 cm há og um 80x60 cm að grunnfleti. Í vörðunni sjást þrjú umför hleðslu og í henni er meðalstórt grjót, fléttugróið. Staðsetning vörðunnar er nokkuð sérstök, austan í litlu holti en ekki á hápunkti þess.



Mynd 7. Varða [3061-4], horft til suðurs.

Saurar 3061-5

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Staðhættir

Á Stekkjarborg, um 45 m austur af gamla þjóðveginum er varða vestarlega á háholtinu.

Lýsing

Varðan er mest um 20 cm há og um 1x0,6 m að grunnfleti. Varðan er mjög hrunin og sigin og sjást steinar í kring sem gætu verið hrun úr henni. Hleðsla vörðunnar sem stendur er í raun einungis eitt umfar. Steinar eru stórir og meðalstórir og fléttugrónir.



Mynd 8. Varða [3061-5], horft til suðurs.

Saurar 3061-6

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna nálægðar við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Fast vestan við Stekkjarholtið, um 5 m austur af gamla þjóðveginum er tóft.

Lýsing



Mynd 9. Uppmæling af tóft [3061-6].

Tóftin er lítil og einföld, veggjahæð er um 0,2-0,4 m og breidd veggja mest um 1 m. Innanmál er um 1,5 á báða kanta. Op er til vesturs, frá holtinu. Grjót sést aðeins í veggjum og finnst móta fyrir því undir gróðri. Að öðru leyti er tóftin mjög gróin.

Ekki er um stekkin sem Stekkjarholtið heitir eftir að ræða því hann er vestan við veginn, Grjótstekkur kallaður, utan lands Saura 9. Ekki er þó loka fyrir það skotið að þessi tóft tengist stekknum á einhvern hátt.



Mynd 10. Tóft [3061-6], horft til austurs.

Saurar 3061-7

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Staðhættir

Vestast á skráningarsvæðinu, frá norðri til suðurs, liggur gamli þjóðvegurinn, akvegur, um Helgafellssveit. Vegurinn liggur yfir holt og mýrar.

Lýsing

Gamli þjóðvegurinn er mjög greinilegur malarvegur og er breidd hans mest um 3 m. Hann er þó misvel farinn en þó alls staðar fær bílum. Sumst staðar hefur vegurinn verið upphlaðinn yfir lænur eða mýrar, en þó sjást ekki greinilegar hleðslur heldur er frekar eins og mokað hafi verið undir hann og efni tekið beggja vegna við veginn. Þar sem vegurinn er upphlaðinn er hann aðeins breiðari en þar sem hann liggur yfir þurr holt.

Aðrar upplýsingar

Líkur eru á að leið hafi legið á þessum sama stað um aldir og verið þjóðleiðin inn á Skógarströnd frá bæjum á Þórsnesi. Óvíst er hvenær nákvæmlega þessi vegur varð að

aðalveginum út á Þórsnes, en það gerist í það minnsta fyrir árið 1924. Áður hafði vegurinn legið austar (Þorleifur Jóhannesson 1926:48). Vegurinn var þjóðvegur út á Þórsnesið fram undir



Mynd 11. Gamli þjóðvegurinn [3061-7] horft til norðvesturs þar sem vegurinn liggur vestan við Stekkjarholt. Sést í smá upphleðslu í kantinum næst á myndinni.



Mynd 12. Gamli þjóðvegurinn [3061-7] horft til NNV í átt að Vogaskeiðum.

miðja öldina þegar núverandi vegur var lagður austan við Skjöld og upp holtin. Þessi hluti vegarins hélt þó áfram að vera afleggjarinn heim að Saurum fram til um 1970 þegar nýr afleggjari var lagður (munnl. heim. Jóhannes Eyberg Ragnarsson).

Saurar 3061-8

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Mikil hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Staðhættir

Á Borginni, NV við bæjarstæði Saura, um 80 m NA af gamla þjóðveginum er varða um 8 m frá klettabrún.

Lýsing

Varðan er um 60 cm há og um 1,1x1 m að grunnfleti. Varðan hefur verið nokkuð há þar sem talsvert hrun sést í kringum hana.

Nú eru um 4-5 umför hleðslu sjáanlega í henni. Stórt grjót er í botni vörðunnar en minna þegar ofar dregur, allt fléttugróið.



Mynd 13. Varða [3061-8], horf til suðurs.

Saurar 3061-9

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild, gata

Hættumat: Hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Staðhættir

Norðan/ofan við Borgina, NV af bæjarstæði Saura lá leið heim að bænum skv. herforingjaráðskorti. Svæðið er nokkuð slétt, en þýft og blásið inn á milli.

Lýsing

Á herforingjaráðskorti frá upphafi 20. aldar má sjá leið heim að Saurum sem lá ofan/norðan við

Borgina. Nú eru á svæðinu nokkrar kindagötur og erfitt að greina á jörðu niðri hver þeirra gæti verið gamla leiðin, en á loftmynd sést móta sérstaklega fyrir einni götu og var lína sett á hana af loftmynd. Línan er þó eingöngu til viðmiðunar en er ekki endilega nákvæm staðsetning þessarar leiðar.



Mynd 14. Hugsanlega gata [3061-9]. Um svæðið liggja nokkrar kindagötur/götur, en þetta er sú greinlegasta.

Mynd 15. Herforingaráðskort, leiðina má sjá sem svarta línu ofan við túnið á Saurum (liggur austur-vestur) og að gamla þjóðvegnum (svört lína sem liggur SA-NV).



Saurar 3061-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Vestarlega í Borginni NV við bæjarstæði Saura er garðlag sem liggur suður/niður frá klettabrún og niður að túnunum.

Lýsing

Garðlagið er víðast ekki haganlega hlaðið en er þó ansi stæðilegt. Hæð þess er um 0,4-1,1 m og það er mest um 1 m breitt. Í garðlaginu er mest



Mynd 16. Garðlag [3061-19], horft til suðurs.

stórt og meðalstórt grjótt. Líklegt er að garðlagið hafi verið rífið að hluta eða orðið fyrir skaða neðst, t.d. vegna girðingavinnu. Á loftmynd frá 1979 virðist vísbending um að garðlagið hafi beygt til austurs og legið neðan við Borgina, en engar vísbendingar sjást um það nú.

Saurar 3061-11

Hlutverk: Óþekkt, girðing

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á blábrún Borgarinnar norðvestan við bæjarstæði Saura, nokkurn veginn alla leiðina með brúninni og niður af henni austanmegin er lág hleðsla/steinaröð, líklega undirhleðsla undan girðingu.



Mynd 17. Garðlag [3061-11] austarlega á Borginni, horft til austurs, Norðurás í baksýn.

Lýsing

Hleðslan er mjög sokkin og ógreinilega á köflum en annars staðar greinileg. Hæst er hún um 40 cm en yfirleitt lægri. Breiðust er hún um 80 cm austast, en yfirleitt mun mjórri. Grjótið er stærra austast en yfirleitt minna þegar upp á Borgina er komið og vestureftir henni. 1-2 steinaumför sjást og eru steinarnir yfirleitt fléttu- og mosagrónir. Hleðslan heldur áfram inn í land Norðuráss.



Mynd 18. Garðlag [3061-11] u.þ.b. fyrir miðri Borginni. Horft til austurs. Garðalgið er ógreinileg lína rétt innan við klettabrúnina.

Saurar 3061-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Neðan/sunnan við Borgina austanverða, um 200 m NV af bæjarstæði Saura er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er grjóthlaðið og nokkuð stæðilegt. Vegg hæð er frá 0,2 til 1,3 m á hæð og breidd er mest um 1,5 m. Mest sjást um 5 umför hleðslu í garðlaginu.

Eitthvað grjót virðist hafa verið tekið úr hleðslum, sér í lagi að austan, en garðlagið er ekki heilt þar. Mjög stórt grjót myndar norðurhlið og hluta austurhliðar garðlagsins. Vestur og suðurhlið eru lægri og yfirgrónari, og hluta komin inn á tún. Girðing liggur sunnan við norðurhlið garðsins og er tún sunnan hennar. Garðlagið hefur líklega afmarkað svæði á einhverjum tímapunkti, verið rétt eða garður. Miðað við staðsetningu er garðlagið í túnjaðri eða jafnvel utan túns miðað við túnakort frá 1916 en er ekki merkt inn á það kort.



Mynd 19. Norðurhluti garðlags [3061-12], horft til ASA.

Saurar 3061-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Skammt austan við austurenda Borgarinnar, um 185 m NNV af bæjarstæði Saura virðist sjást hús eða mannvirki á loftmynd frá 1979.

Lýsing

Engin merki sjást um mannvirki á yfirborði, en grjót og mikill gróður er á svæðinu.

Saurar 3061-14

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir

Í örnefnaskrá er sagt frá vörðu á Vörðuás, sem er einn ásanna sem liggur austur-vestur á svæðinu, sunnan við mýrarsund sunnan Ytri-Sjóaráss (Örnefnaskrá Saura, Leifur Kr. Jóhannesson o.fl. 1981:4). Svæðið er mjög gróið trjágróðri og erfitt að fara um.

Lýsing

Leitað var að vörðunni en hún fannst ekki.

Heimildaskrá

Árni Thorlacius. 1886. „Skýringar yfir örnefni í Landnámu og Eyrbyggju, að svo miklu leyti, sem við kemr Þórsnes þingi hinu forna“. Í *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* II. bindi, bls. 277-298. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjélag. Skoðað á: <https://baekur.is/bok/2a0d2dae-07ec-42ea-a181-b353c045e5ee/2>

Eyrbyggja saga. 1946. Í *Íslendinga sögur*, III. bindi Snæfellingasögur. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Þorleifur Jóhannesson. 1926. „Um nokkur eyðibýli og sögustaði í Helgafellssveit“. Í *Árbók Hins íslenska fornleifafjelags 1925-1925*, bls. 43-48. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafjélag.

Örnefnaskrá Saura, Þorleifur Jóhannesson skráði. Sótt af <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/13214>

Örnefnaskrá Saura, Leifur Kr. Jóhannesson o.fl. 1981. Sótt af <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/13213>

Óútgefnar heimildir

Túnakort Saura. Sótt af: <http://testbirting.manntal.is/>

Loftmynd F23-F-4913 frá 1979. Sótt af: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Heimildamenn

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, 23. nóvember 2023.

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Saurar	3061-1	Gruflunaust	Mógröf	Niðurgröftur	800	1900	Greinanleg	Hætta	325351	507681
Saurar	3061-2		Naust	Tóft	800	1900	Vel greinanleg	Engin hætta	324550	507468
Saurar	3061-3		Kennimark	Varða	800	1900	Greinanleg	Mikil hætta	323725	507229
Saurar	3061-4		Kennimark	Varða	800	1900	Greinanleg	Hætta	323679	506827
Saurar	3061-5		Kennimark	Varða	800	1900	Greinanleg	Hætta	323772	506711
Saurar	3061-6		Óþekkt	Tóft	800	1900	Greinanleg	Hætta	323737	506695
Saurar	3061-7		Leið	Gata	800	1970	Vel greinanleg	Hætta	323778	506652
Saurar	3061-8		Kennimark	Varða	800	1900	Vel greinanleg	Mikil hætta	323975	506668
Saurar	3061-9		Leið	Heimild, gata	800	1900	Illgreinanleg	Hætta	324050	506706
Saurar	3061-10		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	323987	506654
Saurar	3061-11		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	324000	506658
Saurar	3061-12		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	324210	506649
Saurar	3061-13		Óþekkt	Heimild	800	1950	Horfin	Engin hætta	324234	506671
Saurar	3061-14		Kennimark	Heimild	800	1900	Horfin	Engin hætta		